

AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag lóðar Selfosskirkju á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 14. apríl 2010 tillögu að deiliskipulagi lóðar Selfosskirkju á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000, dags. 19. nóvember 2009, og er greinargerð á uppdrætti og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá og með 4. febrúar 2010 til og með 4. mars 2010 með athugasemdafresti til og með 18. mars 2010.

Uppdráttur með greinargerð vegna tillögunnar hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Selfossi, 1. júní 2010.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. júní 2010